



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun Nýheima  
Höfn í Hornafirði  
24. ágúst 2002**

Ágætu Hornfirðingar,  
Skaftfellingar og  
aðrir góðir gestir

Við erum hér saman komin til að fagna nýjum áfanga í menntamálum sýslunnar og vígja miðstöð fræðslu og rannsókna, lærdóms og atorku sem opna munu ný tækifæri til sóknar og alhliða framfara.

Sú hugmynd að tengja saman skóla og upplýsingaveitu, frumkvöðlasetur og aðgang að æðri menntun vitnar um þá umbyltingu sem orðið hefur í tækni, fræðslu og atvinnuháttum á umliðnum árum.

Nú er menntunin í ríkum mæli samofin daglegri önn og æ oftar verðum við að endurmeta og endurnýja þekkingu okkar. Samspil skóla og atvinnulífs verður sífellt nánara og rannsóknir tengjast þeirri nýsköpun sem mótar framtíðarheill íbúanna allt í kringum landið.

Sú ánægjulega breyting hefur orðið með nýrri tækni að sérhver byggð getur nú orðið aðsetur æðra náms og víðtækra rannsókna. Einangrunin sem áður var erfið hindrun hefur nú að mestu verið rofin og sá þjóðskóli sem á fyrri tíð var hugsjón og draumur er nú óðum að verða að veruleika.

Nýheimar lýsa í senn miklum metnaði ykkar heimamanna og víðtækum skilningi á hvað vænlegt er til framfara á nýrri öld. Hér hefur nýsköpun í atvinnulífi verið tengd háskólasetri og Framhaldsskóli í Austur-Skaftafellssýslu bundinn við bóka- og upplýsingasafn héraðsins. Með glæsilegum húsakynnum fær þessi fjölþætta starfsemi ný heimkynni og frjór samleikur margra þátta gefur heildinni aukinn kraft.

Nýheimar eru ekki aðeins merkur áfangi í framþróun sýslunnar og Austurlands heldur líka vegvísir fyrir okkur öll, myndarleg varða á leið Íslendinga til aukinnar hagsældar á nýrri öld.

Hér birtist okkur sönnun þess að landsbyggðin getur nýtt sér þau tækifæri sem þekkingarbylting og upplýsingatækni nýrrar aldar hafa skapað og þar með treyst grundvöll mannlífs og byggðar um ókomin ár.

Sá hugsunarháttur var löngum við lýði að miðstöð framhaldsmenntunar og rannsókna væri bundin við höfuðborgina eina og nauðsynlegt væri að yfirgefa sína heimabyggð ef leitað væri frekari skólagöngu. Þessi skipan var á ýmsan hátt ríkur þáttur í þeirri byggðaröskun sem setti mark sitt á íslenskt þjóðlíf á nýliðinni öld.

Við höfum að undanfögnu orðið vitni að annarri nálgun sem reynast mun landsbyggðinni hagkvæm þegar til lengdar lætur. Framhaldsskólar hafa tekið til starfa og eflst til muna um landið allt og víða hefur aðstaða skapast til háskólanáms, tæknin tengir nemendur og kennara á nýjan hátt og námið verður órofa heild þótt fjöll og firðir skilja að.

Jafnframt hafa vísindamenn, rannsakendur og fræðimenn öðlast aukinn skilning á því að heima í héraði er iðulega að finna vænlegan efnivið sem getur orðið kjarninn í nýrri þekkingu, niðurstöðum sem dýpka skilning okkar á mörgum sviðum.

Skaftafellssýsla er svo sannarlega auðug að slíku efni og hingað hafa margir vísindamenn leitað til að geta með ítarlegum rannsóknum varpað nýju ljósi á umbreytingar náttúrunnar, sköpunarsögu jarðarinnar og þau lög mál sem móta lífríkið í lofti, á landi og í legi.

Nýheimar geta einnig á þessu sviði orðið öflugur liðsauki því hér skapast aðstaða til að efla bækistöð vísindastarfs og þekkingarleitar sem einnig getur komið atvinnulífi og almennri hagsæld til góða. Frumkvöðlasetrið er líka áminning um að hér eigi að virkja hugkvæmni og atorku íbúanna, stuðla að nýjungum á öllum sviðum og hvetja ungar kynslóðir til að láta að sér kveða á frumlegan hátt.

Nýheimar geta því orðið burðarás í byggðaðróun og ég óska ykkur öllum til hamingju með þetta glæsilega skóla- og fræðasetur.

Í árdaga liðinnar aldar var það keppikefli bænda og sjómanna víða um land að koma á fót lestrarfélagi og bókasafni í sinni heimabyggð og naumur fjárhagur var nýttur til að festa kaup á bókakosti sem víðast hvar náði aðeins nokkrum tugum binda, kannski fáeinum hundruðum þar sem best gekk að safna fjármunum saman.

Að fá bók að láni var löngum eina leiðin sem opin var fyrir alþýðu manna; skólagangan aðeins ætluð fáeinum útvöldum í hverri byggð.

Þegar hið gamla bókasafn ykkar heimahéraðs er flutt hingað í Nýheima og tengt skólastarfi, rannsóknnum, nýsköpun og alhliða fræðslu er það táknræn vísbendingu um breytta tíma; að Austur-Skaftfellingar hafa hér eignast upplýsingaveitu sem öllum er opin, orkustöð sem virkja mun aflið sem í íbúunum býr.

Nýheimar eru því glæsilegt tákn um nýja tíma, sönnun þess að Hornfirðingar og Skaftfellingar ætla áfram að láta að sér kveða á nýrri öld, ábending til Íslendinga um hvernig vænlegast er að flétta saman skólagöngu, fræðslustarf, þekkingarleit og nýsköpun í atvinnulífi og veita þannig byggðapróun nýjan þrótt.

Ég færi ykkur heimamönnum einlægur þakkir fyrir frumkvæðið og atorkuna sem þið hafið hér sýnt og óska öllum þeim sem hér munu koma til náms og starfa allra heilla um ókomin ár.